

Mál nr. 87/2001

M

og

Vátryggingafélagið X v/rekstrarstöðvunartryggingar

Ágreiningur um réttarstöðu vegna tjónsatburðar þann 13.09. 1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.04. 2001.
2. Vátryggingaskilmálar rekstrarstöðvunartryggingar ásamt skírteini.
3. Kröfubréf dags. 09.12. 1999, 07.12. 2000.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 14.12. 2000, 25.01. 1999, 25.02. 1999 og 23.01. 2001, 04.04. 2001 og greiðslukvittun.
5. Upplýsingar úr rekstri vátryggðs.
6. Bréf lögmanns vátryggðs dags. 26.02. 2001.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 26.04. 2001 ásamt skírteini, skilmálum, tjónskvittun og greinargerð til Tjónanefndar dags. 15.03. 2001.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 323/2001.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Málsatvika er óþarft að geta ítarlega.

Málskotið varðar kröfu vátryggðs úr rekstrarstöðvunartryggingu vegna varanlegrar stöðvunar á rekstri fyrirtækisins í kjölfar bruna þann 13.09. 1999.

Vátryggingafélagið lætur þess getið að aðilar séu sammála um að uppgjör hafi farið fram vegna tímabilsins 14.09. 1999 til 31.12. 1999, en að ágreiningurinn varði tímabil bótaskyldrar rekstrarstöðvunar. Félagið telur að fram hafi farið fullnaðaruppgjör vegna rekstrarstöðvunar skv. ákvæði 685.10 í vátryggingaskilmálum. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að tímabil rekstrarstöðvunar hafi þurft að vera lengra en til áramóta 1999/2000. Það telur að 3½ mánuður hafi verið ríflegur tími fyrir vátryggðan að koma rekstrinum í gang í nýju húsnæði og útvega nýjar vörur.

Vátryggður gerir kröfu til þess að vátryggingafélagið greiði fyrir “allt rekstrarstöðuvartímabilið frá 13.09. 1999 til 13.09. 2000.” Ágreiningur sé um hvað teljist “eðlilegur tími þar til tjónþoli hafi getað hafið rekstur að nýju sbr. grein 685.10 í vátryggingaskilmálum.” Vátryggður telur að við bruna hafi fótum verið kippt undan rekstri fyrirtækisins sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Álit.

Í vátryggingaskilmálum er þess m.a. getið að vátryggingin taki til rekstartaps sem vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu vöru og þjónustu af völdum atburðar sem orðið hefur á vátryggingarstað. Fram kemur að greiðsluskylda félagsins takmarkist við það rekstartap sem verður á næstu 12 mánuðum eftir að vátryggingaratburðurinn átti sér stað. Tímabil þetta nefnist bótatímabil (sbr. grein 681.10). Í grein 685.10 er getið réttarstöðu vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar. Fram kemur að “hefjist atvinnurekstur vátryggðs ekki að nýju eftir vátryggingaratburðinn miðast bótafjárhæðin við þann tíma (allt að 12 mánuðum) sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til reksturinn gæti hafa hafist aftur.”

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að ekki hafi verið sýnt fram á að vátryggður eigi rétt til greiðslu bóta fyrir tímabilið 13.09. 1999 til 13.09. 2000. Ekki hefur verið sýnt fram á að tímabil rekstrarstöðvunar hafi þurft að vera lengra en þegar hefur verið bætt. Með hliðsjón af framanrituðu er ekki fallist á kröfugerð vátryggðs.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á kröfugerð váttryggðs í máli þessu.

Reykjavík 15. maí 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.